

14. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2015-2016

Fimmtudaginn 12. maí 2016 kl. 20.00 var haldinn 14. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík.

Þessir sátu fundinn: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri og Guðmundur A. Guðmundsson meðstjórnandi, Brynja Tomer og Ragnhildur Gísladóttir varamenn.

Fríður Pétursdóttir framkvæmdastjóri ritaði fundargerð

Lögð fram fundargerð 13. fundar, hún samþykkt og staðfest með undirritun fundarmanna þess fundar.

1. Í upphafi fundar lagði framkvæmarstjóri fram drög endurskoðandans að ársreikningum félagsins ásamt áætlun næsta árs fram til kynningar, áður en skoðunarmenn færu yfir þá. Framkvæmdastjóri hafði boðað fund með skoðunarmönnum, gjaldkera og formanni félagsins á þriðjudag en að því loknu getur stjórn hittst að nýju og staðfest áritun þeirra.
2. Næst var farið yfir erindi sýningastjórnar dagsett 9. maí, þar sem lagðar eru til breytingar á sýningareglum félagsins.

Helstu breytingatillögur voru eftirfarandi: Teknar voru út gamlar tilvísanir í gildistökur eða framkvæmd sem gera mátti ráð fyrir að hefðu ekki þýðingu og fyllt inn í núgildandi reglur miðað við framkvæmd, ss. varðandi auglýsingar við dómhringi, snyrtingu hunda á sýningasvæði, staðsetningu sýninganúmers á sýnanda, dagskrá sýningar, staðfestingu FCI á alþjóðlegu stigi og að verðlaunaborða skuli nota á sýningum.

Lagt er til að bætt verði inn heimild sýningastjórnar til að áminna sýnanda fyrir brot á reglum. Einungis voru fyrir heimildir til harðari refsinga.

Tekin eru af öll tvímæli um að hringstjóranemi telst starfsmaður í dómhring – hæfisreglur félagsins eiga því líka við um hann.

Skýringar á einkunnum endurskoðaðar og færðar til samræmis við FCI reglur.

Skýring á meistaraefni endurskoðuð og fært til samræmis við orðalag annarra NKU landa.

Lagt er til að bætt verði inn heimild til að veita tvo nýja íslenska titila, öldungameistaratitil og ungliðameistaratitil (stig gefin í samsvarandi flokkum, án áhrifa á önnur meistarastig). Sýningastjórn telur þetta góða

leið til að hvetja eigendur eldri og yngri hunda, þar sem hundur hefur ýmist hafa "lokið" sínum sýningaferli eða er svo ungur að hann á erfitt uppdráttar í keppni við eldri og þroskaðri hunda, til að mæta með hunda sína á sýningar.

Lagt er til að skýringar á afkvæma- og ræktunarhópum verði einfaldaðar og áréttaðar, sú breyting lögð til á afkvæmahópum að ræktunardýr þurfi ekki að sýna í öðrum keppnisflokki sýningar, en skuli hafa hlotið a.m.k. "Good" einkunn á fyrri sýningu.

Hundar í parakeppni megi ekki hafa hlotið "0" einkunn eða "Ekki hægt að dæma".

Ásamt smávægilegum tillögum að breytingum, ss. þar sem greinar eru sameinaðar eða einstök ákvæði færð lítillega til, önnur orð notuð yfir sömu merkingu (t.d. ræktunarmarkmið í stað staðals, rakki í stað hundur eða óþarfa orð felld út) eru ekki dregin sérstaklega fram.

Stjórn samþykkti breytingarnar nánast óbreyttar. Herdís lagði til að stjórn og/eða sýningastjórn gætu veitt áminningar og viðurlög auk þess sem Pétur setti fram tillögur að breyttu orðalagi. Taka þær gildi 1. júní n.k.

3. Skrifstofa hafði ráðist í nánari rannsókn og vinnu í tilefni af beiðni um stofnun ensks setter deildar sem og vinnu stjórnar við endurskoðun á reglum um starfsemi ræktunardeilda. Framkvæmdastjóri hafði leitað til Yves De Clercq framkvæmdastjóra FCI um hvernig FCI túlkar hvað teljist óskyldir hundar. De Clercq gaf þau svör að FCI væri ekki með í regluverkinu slíka skilgreiningu, en hann áframsendi erindið til prófessor Gregoire Leroy í vísindanefnd FCI (e. Scientific Commission). Svörin sem Hr. Leroy gaf voru eftirfarandi (á ensku):

Considered literally, there cannot be a fixed-generation definition of what are unrelated dogs, as occurrence of a common ancestor will depend on the number of generations considered.

So it will really depend on your purpose.

For instance for international recognition it is considered that a candidate breed must present 8 family groups unrelated at three generations, meaning that from one family group to another, there should be no animal in common throughout three generations (until great grand parents).

Other thresholds can however be considered, depending if for instance the aim is to avoid inbreeding, and so on.

Samkvæmt þessu gerir FCI kröfu um 8 óskyldar „fjölskyldur“ með enga sameiginlega forfeður í 3ja liða ættbók, svo hægt sé að viðurkenna nýtt hundakyn á alþjóðlega vísu. Stjórn var sammála því að það væri sérstakt að gera ríkari kröfu til stofnunar ræktunardeildar á Íslandi en til þess og að þetta þyrfti að skoðast betur, hvort þetta væri hentugur mælikvarði og þannig skilyrði sem gerð yrði til stofnunar deildar. Þá upplýsti Fríður og sagði

frá niðurstöðum skoðunar skrifstofu á afgreiðslu stjórnar á beiðnum um stofnun deilda frá því reglurnar voru settar 2005.

4. Stjórn ræddi nokkur atriði og fyrirkomulag aðalfund HRFI sem halda á 26.maí nk. í veislusal Spretts. Ara Karlsson hefur samþykkt að vera fundarstjóri og Guðrún Margrét Baldursdóttir tekið að sér að vera fundarritari. Fundurinn var auglýstur í rafrænni útgáfu af Sámi sem kom út 15 maí s.l.
5. Engin önnur mál voru tekin fyrir á fundinum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl.23.00

Næsti fundur áætlaður 19. maí kl.19.00

Herdís Hallmarsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Pétur Alan Guðmundsson,
Ragnhildur Gísladóttir, Brynja Tomer.